

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 21. ágúst 2017
UST201708-108/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn. Efnistaka í Álftafirði, Ísafjarðardjúpi. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 17. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um leyfi til efnistöku.


Ráðgert er að taka allt að 25.000 m³ af mól og sandi á árunum 2017-2020. Fram kemur í greinargerð að umrædd efnistaka teljist forsenda þess að unnt sé að reka steypustöð á Ísafirði. Fram kemur í umsókn framkvæmdaaðila að ekki hafi verið gerðar rannsóknir á botndýralífi í innanverðum Álftafirði og ekki virðast liggja fyrir rannsóknir á útbreiðslu steinefna og magni á umræddu svæði.


Umhverfisstofnuþendur á að á árinu 2015 var heimilað að taka allt að 15.000 m³ á umræddu svæði þannig að lokinni þeirri efnistöku sem nú er sótt um leyfi fyrir hafa verið teknir um 40.000 m³ á umræddu svæði.

Umhverfisstofnu telur að ef efnistaka á hafsbotni er talin forsenda reksturs steypustöðvar á Ísafirði ætti að nota tímann þar til umrætt leyfi rennur úr, þ.e. til 2020 að kanna hvort hér sé um framtíðar efnistökusvæði að ræða og ef svo er ætti að kann lífríki á efnistökusvæðinu og magn vinnanlegs efnis á svæðinu og jafnframt kanna matsskyldu framkvæmdarinnar að nýju.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri